

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 27. mars kl. 09:04, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 767. embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Birkir Ingibjartsson, Björn Ingi Edvardsson, Sólveig Sigurðardóttir, Haukur Hafliði Nínuson, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Ólafur Melsted, Hrafnhildur Sverrisdóttir og Ingvar Jón Bates Gíslason.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- Hofteigur 42, Kvistir - tröppur af svölum** (01.365.010) Mál nr. BN057450
Skjalnr. 9301
Helga Ágústsdóttir, Hofteigur 42, 105 Reykjavík
Marco Solimene, Hofteigur 42, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. mars 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta kvisti og setja nýjan kvist á suðurþekju þaks, og gera tröppur af svölum 1. hæðar niður í garð húss á lóð nr. 42 við Hofteig.
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Erindi fylgir lóðauppdráttur 1.365.0 samþykktur 1. ágúst 2017, bréf frá hönnuði dags. 9. mars 2020, samþykki eigenda í húsi nr. 42 og 44 dags. 27. maí 2019 og afrit af tölvupósti frá skipulagsfulltrúa dags. 11. desember 2019. og yfirlit breytinga á teikn. nr. 001 útgáfa B00 dags. 29. október 2020. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Austurstræti 4, (fsp) hækkun viðbyggingar um eina hæð** (01.140.402) Mál nr. SN200180
Skjalnr. 5817
431005-0340 Arktika ehf., Blönduhlíð 7, 105 Reykjavík
650269-6839 Thorvaldsensfélagið, Austurstræti 4, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Artíka ehf. dags. 20. mars 2020 ásamt bréfi dags. 4. mars 2020 um að hækka núverandi viðbyggingu bak við húsið á lóð nr. 4 við Austurstræti um eina hæð.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Efstasund 77, Br. á BN055715, endurgerð þaks og nýjar svalir** (01.410.117) Mál nr. BN057277
Skjalnr. 13946
Ísak Thorberg Gunnarsson, Efstasund 77, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. mars 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. mars 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055715 þannig að þakformi er breytt og nýjar svalir settar á hús á lóð nr. 77 við Efstasund. Erindinu var vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Gjald kr. 11.200
EKKI eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

4. **Hallveigarstígur 10, Stækka svalir á suð-vestur hlið** (01.180.207) Mál nr. BN057318
Skjalnr. 12548
Sigmar Ármannsson, Miðleiti 12, 103 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. mars 2020 þar sem sótt er um leyfi til að stækka svalir á annarri, þriðju og fjórðu hæð suðvesturhliðar og verða þær steyptar til hliðar og með galvaniseruðu handriði sem front á hús á lóð nr. 10A við Hallveigarstíg. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. mars 2020.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda ódags.
Gjald kr. 2020
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 26. mars 2020.
5. **Reykjavíkurlflugvöllur, breyting á deiliskipulagi, Þorragata 24** (01.6) Mál nr. SN200008
Skjalnr. 6767
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík
591219-1380 Isavia Innanlands ehf., Reykjavíkurlflugvelli, 102
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. febrúar 2020 var lögð fram umsókn T.ark Arkitekta ehf. dags. 6. janúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurlflugvallar. Í breytingunni felst að endurskilgreina reit Þorragötu 24 sem lóð með sömu stærðum og skilgreiningum, samkvæmt uppdr. T.ark Arkitekta ehf. dags. 2. janúar 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 8.2 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
6. **Völvufell 7A, Breytingar á dagheimili í vistheimili** (04.683.202) Mál nr. BN057061
Skjalnr. 13855
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. desember 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta notkun hússins úr dagheimili í vistheimili á lóð nr. 7a við Völvufell, samkvæmt uppdr. Arkþings - Nordic ehf. dags. 9. desember 2019 uppf. 7. janúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Erindi fylgir greinagerð Eflu um val og hönnun brunavarna, útgáfa 001-V03, dags. 22. nóvember 2019. Gjald kr. 11.200
*Leiðrétt bókun frá afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. mars 2020:
Rétt bókun er: Erindið bíður afgreiðslu vegna yfirstandandi vinnu við endurskoðun á deiliskipulagi Breiðholts 3, Suður-Fellagarðar, Völvufell.*
7. **Kjalarvogur 5, breyting á deiliskipulagi** (01.424) Mál nr. SN200042
Skjalnr. 6364
700896-2429 Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf., Síðumúla 3, 108 Reykjavík
440598-2189 Sölufélag garðyrkjumanna ehf., Brúarvogi 2, 104 Reykjavík
Lögð fram umsókn Vektors, hönnun og ráðgjöf, dags. 17. janúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skútuvogs vegna lóðarinnar nr. 5 við Kjalarvog. Í breytingunni felst breyting á afmörkun byggingarreits og breyting á skilmálum um fjölda bílastæða, samkvæmt uppdr. Vektors, hönnun og ráðgjöf ódags.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

8. **Lynghagi 14, Framlenging á kvisti og bæta** (01.554.305) Mál nr. BN057242
við glugga Skjalnr. 14228
Elín Þórisdóttir, Ægisíða 103, 107 Reykjavík
Simon Joscha Flender, Ægisíða 103, 107 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. mars 2020 þar sem sótt er um leyfi til að stækka kvist á norðausturhlíð hússins á lóð nr. 14 við Lynghaga, samkvæmt uppd. Elínar Þórisdóttur dags. 28. febrúar 2020. Erindi var grenndarkynnt frá 25. mars 2020 til og með 22. apríl 2020 en þar sem samþykki hagsmunaaðila barst 26. mars sl. er erindi nú lagt fram að nýju.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda nr. 14 og nr. 16 ódags. eignarskiptayfirlýsing frá 23. janúar 2000 og bréf aðalhönnuðar dags. 27. febrúar 2020. Stækkun: 7,5 ferm., 6,0 rúmm. Gjald kr. 11.200
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og með vísan til 3. mgr. 44. gr. skipulagлага nr. 123/2010.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.
9. **Vesturgata 67, breyting á deiliskipulagi** (01.133.1) Mál nr. SN200102
Skjalnr. 14053
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Félagsbústaða dags. 23. mars 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi milli Seljavegar og Ánanaust vegna lóðarinnar nr. 67 við Vesturgötu. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lítilla til suðurs að garði, heimilt verði að byggja 4 hæðir í stað 2,5 hæðir, svalir mega ná 1,7 metra út fyrir byggingarreit að garði, götuhlið hússins skal taka tillit til aðliggjandi húsa eins og kostur er, lyftuhús má ná 0,8 metra upp fyrir hámarkskóta veggghæðar, lóð er stækkuð að framanverðu og þar heimilt að setja bílastæði fyrir hreyfihamlaða, sorpgerði og gróður, byggingarmagn eykst og fjöldi íbúða verður 6 ásamt sameiginlegum rýmum á jarðhæð, samkvæmt uppd. Plúsarkitekta ehf. dags. 23. mars 2020.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
10. **Borgartún 34-36, (fsp) breyting á** (01.232.0) Mál nr. SN200159
deiliskipulagi Skjalnr. 9191
410166-0389 Guðmundur Jónasson ehf., Vesturvör 34, 200 Kópavogur
450913-0650 Atelier Arkitektar slf., Skaftahlíð 16, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Björns Skaptasonar dags. 9. mars 2020 f.h. Guðmundar Jónassonar ehf. ásamt bréfi dags. 6. mars 2020 um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 34-36 við Borgartún sem felst í aukningu á byggingarmagni og nýtingarhlutfalli lóðar, samkvæmt tillögu Atelier Arkitekta ehf. dags. í apríl 2016.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
11. **Grjótháls 8, nýtt lyfsöluleyfi - ósk um** (04.301.201) Mál nr. SN200186
umsögn Skjalnr. 9734
670900-2740 Lyfjastofnun, Vínlandsleið 14, 113 Reykjavík
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 23. mars 2020 ásamt bréfi Lyfjastofnunar dags. 12. mars 2020 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð að Grjóthálsi 8. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020.

12. **Kleppsvegur 90, Breyting inni mhl.01 - smáhýsi mhl.02** (01.352.203) Mál nr. BN057392
Skjalnr. 11994
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. mars 2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir annarsvegar breytingum á innra skipulagi húss, mhl.01, og hinsvegar fyrir smáhýsi á lóð, mhl.02, sem myndi þjóna sem geymsla fyrir sambýlið á lóð nr. 90 við Kleppsveg. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 5. mars 2020, bréf velferðarsviðs Reykjavíkurborgar dags. 21. febrúar 2020 og afrit af teikningum samþykktum 11. maí 2010. Stækkun, mhl.02: 20,0 ferm., 63,0 rúmm. Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020.
13. **Kringlan, Skipulagslýsing fyrir gerð deiliskipulags** (01.721) Mál nr. SN200181
Skjalnr. 7497
Lögð fram verkefnislýsing, Kanon arkitekta og VSÓ ráðgjafar dags 18. mars 2020, vegna skipulagsgerðar og umhverfismats "Kringlusvæðisins".
Vísan til skipulags- og samgönguráðs.
14. **Logafold 138, (fsp) breyting á notkun bílskúrs** (02.871.6) Mál nr. SN200170
Skjalnr. 11173
700896-2429 Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf., Síðumúla 3, 108 Reykjavík
Þorsteinn Kristján Jóhannsson, Kleppsvegur 118, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. mars 2020 var lögð fram fyrirspurn Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf. dags. 16. mars 2020 ásamt bréfi dags. 8. mars 2020 um að breyta notkun bílskúrs lóð nr. 138 við Logafold í íbúð fyrir fatlaðan einstakling. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020.
15. **Sóltún 1 - mhl.04, Mánatún 1- Breytingar BN049895 - glerskáli 07.01** (01.230.003) Mál nr. BN057448
Skjalnr. 10982
Hermann Óli Finnsson, Mánatún 1, 105 Reykjavík
Helena Sigfúsdóttir, Mánatún 1, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. mars 2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum glerskála við íbúð 0701 á 7. hæð í fjölbýlishúsi við Mánatún 1, mhl.04, á lóð nr. 1 við Sóltún.
Stækkun B-rými: 23.7 ferm., 71.6 rúmm.
Erindi fylgir fundargerð frá húsfundi Húsfélagsins Mánatúni 1 dags. 4. september 2019 ásamt fylgiskjöllum 1-28, séruppdráttur 1.230.0 dags 18. febrúar 2008 og uppdráttur Landupplýsingadeildar fyrir Borgartún 26 og Sóltún 1 og 3 dags. október 2007. Gjald kr. 11.200
Vísan til umsagnar verkefnisstjóra.
16. **Háaleitisbraut 52-56, (fsp) - 52 - Ljósastari efst á norðurgafli** (01.284.402) Mál nr. BN057426
Skjalnr. 11498
Stefán Albertsson, Háaleitisbraut 52, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. mars 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. mars 2020 þar sem spurt er hvort að leyfi fengist til að setja ljósastara efst í miðju á norðurgafli og á hann að lýsa upp bílastæði og gangstétt á lóð nr. 52 við Háaleitisbraut. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020.
Erindi fylgir ljósmynd af húsi, reikniforrit frá Reykjafell sem sýnir birtu dreifingu og gerð af ljósi.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020.

17. **Laugalækur 22-34, (fsp) - 32 - Gluggar og tvöföld glerhurð** (01.347.102) Mál nr. BN057430
Skjalnr. 14255
Heiðar Ingi Svansson, Laugalækur 32, 105 Reykjavík
Aðalbjörg Stefánía Helgadóttir, Laugalækur 32, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. mars 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. mars 2020 þar sem spurt er hvort leyfi fengist til að stækka glugga og koma fyrir tvöfaldri glerhurð út á svalir á hús nr. 32 á lóð nr. 22 til 34 við Laugalæk. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020.
18. **Sóleyjargata 25, (fsp) aflétta kvöð og breyta notkun** (01.185.4) Mál nr. SN200147
Skjalnr. 9167
Jóhanna Helga Halldórsdóttir, Belgía, Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. mars 2020 var lögð fram fyrirspurn Jóhönnu Helgu Halldórsdóttur dags. 3. mars 2020 um að aflétta kvöð um að óheimilt sé að vera með varanlega búsetu í húsnæðinu að Sóleyjargötu 25 ásamt því að heimilt verði að breyta notkun/skráningu hússins úr einbýlishúsi í fjölbýlishús. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020 samþykkt.
19. **Álfsnes, ósk um umsögn vegna endurnýjunar starfsleyfis** (36.2) Mál nr. SN200164
Skjalnr. 10252
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. mars 2020 var lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 11. mars 2020 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna endurnýjunar á starfsleyfi fyrir skotvöll félagsins í Álfsnesi. Óskað er eftir umsögn um það hvort starfsemin samræmist skipulagi og hvort fyrirhugaðrar séu breytingar á skipulagi sem gætu komið í veg fyrir framlengingu starfsleyfis að hámarki eitt ár. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020 samþykkt.
20. **Breiðholt 1, breyting á deiliskipulagi** (04.6) Mál nr. SN190641
Skjalnr. 7893
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds varðandi breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 1. Í breytingunni felst að færa núv. grenndarstöð sem er á bílastæði samsíða Arnarbakka á núverandi snúningshaus við Leirubakka, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 6. janúar 2020. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Ólafur Gylfason dags. 4. febrúar 2020, Helgi Kristófersson dags. 5. febrúar 2020, íbúaráð Breiðholts dags. 4. mars 2020 og Helgi Kristófersson dags. 12. mars 2020 ásamt undirskriftalista 60 aðila við Leirubakka. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. mars 2020 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

21. **Gullslétta 6, breyting á deiliskipulagi** (34.2) Mál nr. SN200171
Skjalnr. 14214
421007-1600 Lækjarmelur ehf, Bæjarflöt 8, 112 Reykjavík
601005-0260 Teiknistofan H.R. ehf, Næfurási 2, 110 Reykjavík
Lögð fram umsókn Davíðs Karls Karlssonar dags. 17. mars 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Esjumela á Kjalarnesi vegna lóðarinnar nr. 6 við Gullsléttu. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar til suðausturs um 7. metra, samkvæmt uppd. Teiknistofunnar H.R. ehf. dags. 2. mars 2020.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Gullsléttu 4 og 8 og Koparsléttu 3 og 5.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6. gr. sbr. gr. 12 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
22. **Kjalarnes, Nesvík, deiliskipulag** Mál nr. SN190734
Skjalnr. 10177
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
511202-3450 Íslenskar fasteignir ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík
Lögð er fram tillaga +Arkitekta að deiliskipulagi fyrir Nesvík á Kjalarnesi, sem felst í uppbyggingu á ferðaþjónustu á jörðinni. Áformin eru að reisa hótél og heilsulind með allt að 100 herbergjum auk 12 stakstæðra húsa sem verða leigð út sem gistirými og þjónustuð af hótelinu. Hönnun og frágangur miðar að því að halda í staðaranda Nesvíkur og falla sem best að landi, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppd. +Arkitekta ehf. dags. 26. mars 2020. Einnig er lögð fram fornleifaskráning Fornleifastofnunar Íslands dags. 2019 og Húsakönnun Fornleifastofnunar Íslands dags. 2020.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
23. **Stefnisvogur 2, Byggja 2-6 hæða fjölbýlishús** Mál nr. BN057251
Skjalnr. 14256
680717-1090 U 14-20 ehf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. mars 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja 2-6 hæða fjölbýlishús með 71 íbúð og bílakjallara á lóð nr. 2 við Stefnisvog.
Stærðir ofanjarðar: 7.127.4 ferm., 23.303.9 rúmm. Stærðir neðanjarðar: 1.063.8 ferm., 3.386.3 rúmm. Bílakjallari, mhl.02: 1.085.0 ferm., 3.386.3 rúmm. B- rými: 397.4 ferm. Nýtingarhlutfall ofanjarðar: 1.68 + B-rými: 1.77
Erindi fylgir lóðauppdráttur 1.451.3 dags. 31.október 2019, greinargerð um hljóðvist dags. 17. mars 2020. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
24. **Suðurlandsvegur, framkvæmdaleyfi** (05.8) Mál nr. SN200189
Skjalnr. 9250
680269-2899 Vegagerðin, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn Vegagerðarinnar dags. 25. mars 2020 um framkvæmdaleyfi vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Vesturlandsvegi að Bæjarhálsi ásamt tengingum við núverandi vegakerfi og lengingu og breikkun á undirgöngum við Krókháls. Einnig er lagt fram bréf Vegagerðarinnar dags. 26. mars 2020, útboðslýsing Eflu dags. í janúar 2020 og tillöguhefti - uppdættir Eflu dags. í janúar 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

25. **Hesthúsabyggð á Hólmsheiði, breyting á** (05.8) Mál nr. SN200018
deiliskipulagi Skjalnr. 8008

Að lokinni auglýsingu er lögð er fram að nýju tillaga Umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir hesthúsabyggð á Hólmsheiði vegna tilfærslu á Rauðavatnslínu 1 sem liggur innan skipulagsmarka hesthúsabyggðarinnar vegna 1. áfanga Korpulínu jarðstreng. Breytingin er tilkomin vegna breytinga á núverandi Rauðavatnslínu milli tengivirkjana á Geithálsi og tengivirkis A12 sem liggur nú í loftlínu milli reiðstígs og vatnslögn vestast á skipulagssvæðinu. Lagður verður nýr 132 kv jarðstrengur í stað núverandi loftlínu sem verður fjarlægð eftir spennusetningu strengsins, samkvæmt uppd. VSÓ ráðgjafar dags. 16. desember 2019 br. 25. mars 2020. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 12. mars 2020. Einnig er lögð fram skýrsla Borgarsögusafns Reykjavíkur um fornleifaskráningu fyrir lagnaleið dags. 20. febrúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. mars 2020 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020 með vísan til a. liðar 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1020/2019.

26. **Úlfarsárdalur, hverfi 2, breyting á** (02.6) Mál nr. SN200016
deiliskipulagi Skjalnr. 9615

Að lokinni auglýsingu er lögð er fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Úlfarsárdal hverfi 2 vegna 1. áfanga Korpulínu jarðstreng. Vegna breytinga á aðflutningskerfi Landsnets á milli tengivirkjana við Korpu og á Geithálsi, þá er gert ráð fyrir tilfærslu á Korpulínu 1 og nýrri legu hennar í jarðstreng sem mun liggja meðfram Lambhagavegi í Úlfarsárdal. Lagður verður nýr 132 kv jarðstrengur í stað núverandi loftlínu sem verður fjarlægð eftir spennusetningu strengsins, samkvæmt uppd. VSÓ ráðgjafar dags. 16. desember 2019 br. 25. mars 2020. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 12. mars 2020. Einnig er lögð fram skýrsla Borgarsögusafns Reykjavíkur um fornleifaskráningu fyrir lagnaleið dags. 20. febrúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. mars 2020 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020 með vísan til a. liðar 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1020/2019.

27. **Úlfarsárdalur, útivistarsvæði, breyting á** (02.6) Mál nr. SN200017
deiliskipulagi Skjalnr. 9615

Að lokinni auglýsingu er lögð er fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Úlfarsárdal útivistarsvæði vegna 1. áfanga Korpulínu jarðstreng. Vegna breytinga á aðflutningskerfi Landsnets á milli tengivirkjana við Korpu og á Geithálsi, þá er gert ráð fyrir tilfærslu á Korpulínu 1 og nýrri legu hennar í jarðstreng sem mun liggja meðfram Reynisvatnsvegi norðanmegin, um 30 m frá veginum milli hringtorgsins við Fellsveg og Lambhagaveg og einnig mun jarðstrengurinn liggja yfir dalinn og Úlfarsá austanmegin Lambhagavegar í Úlfarsárdal. Lagður verður nýr 132 kv jarðstrengur í stað núverandi loftlínu sem verður fjarlægð eftir spennusetningu strengsins, samkvæmt uppd. VSÓ ráðgjafar dags. 16. desember 2019 br. 25. mars 2020. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 12. mars 2020. Einnig er lögð fram skýrsla Borgarsögusafns Reykjavíkur um fornleifaskráningu fyrir lagnaleið dags. 20. febrúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi

skipulagsfulltrúa 20. mars 2020 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020 með vísan til a. liðar 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1020/2019.

28. **Vesturlandsvegur, Hallar, breyting á** (04.301.2) Mál nr. SN200019
deiliskipulagi Skjalnr. 6412

Að lokinni auglýsingu er lögð er fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Vesturlandsvegs, Halla vegna 1. áfanga Korpulínu jarðstreng. Vegna breytinga á aðflutningskerfi Landsnets á milli tengivirkjanna við Korpu og á Geithálsi, þá er gert ráð fyrir tilfærslu á Korpulínu 1 og nýrri legu hennar í jarðstreng sem mun liggja meðfram Lambhagavegi í Úlfarsárdal og fylgja göngustígnum austanmegin götu. Lagður verður nýr 132 kv jarðstrengur í stað núverandi loftlínu sem verður fjarlægð eftir spennusetningu strengsins, samkvæmt uppd. VSÓ ráðgjafar dags. 16. desember 2019 br. 25. mars 2020. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 12. mars 2020. Einnig er lögð fram skýrsla Borgarsögusafns Reykjavíkur um fornleifaskráningu fyrir lagnaleið dags. 20. febrúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. mars 2020 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020 með vísan til a. liðar 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1020/2019.

29. **Algild hönnun í deiliskipulagi, tillaga** Mál nr. SN200094
íbúaráðs Miðborgar og Hlíða Skjalnr. 10046

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. mars 2020 var lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 4. febrúar 2020 þar sem tillaga íbúaráðs Miðborgar og Hlíða frá fundi 28. janúar 2020 um algilda hönnun í öllu deiliskipulagi borgarinnar er send umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar. Erindinu var vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra og skrifstofu sviðsstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa og skrifstofu sviðsstjóra dags. 25. mars 2020..

Umsögn skipulagsfulltrúa og skrifstofu sviðsstjóra dags. 25. mars 2020 samþykkt.

30. **Bólstaðarhlíð 20, breyting á deiliskipulagi** (01.274.0) Mál nr. SN200109
Skjalnr. 7993

600269-4889 Skóli Ísaks Jónssonar ses., Bólstaðarhlíð 20, 105 Reykjavík

530214-0870 Teiknistofan Storð ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2020 var lögð fram umsókn Hermanns Georgs Gunnlaugssonar dags. 12. febrúar 2020 ásamt bréfi dags. 12. febrúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 20 við Bólstaðarhlíð, Ísaksskóli. Í breytingunni felst að skilgreina byggingarreit fyrir battavöll á lóð sem er 20 x 13 metrar ásamt því að hækka núverandi girðingu á auðasturhorni lóðar, samkvæmt uppd. Teiknistofunnar Storð ehf. dags. 12. febrúar 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Skaftahlíð 24, 25 og 26 og Bólstaðarhlíð 26.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

31. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030,**
Korpulína, breyting á aðalskipulagi

Mál nr. SN190246
Skjalnr. 5987

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. í nóvember 2019 uppf. 21. janúar 2020 að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Tillaga að breytingu nær annarsvegar til legu Korpulínu 1 milli tengivirkisins við Geitháls að tengivirki Korpu við Vesturlandsveg og hinsvegar til lítilsháttar breytingar á legu Rauðavatnslínu 1, frá Geithálsi að aðveitustöð við Suðurlandsveg. Einnig er lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 18. desember 2019. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Minjastofnun Íslands dags. 9. mars 2020. Einnig er lögð fram skýrsla Borgarsögusafns Reykjavíkur um fornleifaskráningu fyrir lagnaleið dags. 20. febrúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. mars 2020 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:29.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir